



**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Fjöldi manns hlýddi á afmælisdagskrá á Eiðistorgi.

Fjölmenni á 40 ára afmælishátíð

Mikið fjölmenni tók þátt í afmælisfagnaði Seltjarnarnesbæjar 9. apríl sl. en þá voru liðin 40 ár frá því sveitarfélagið öðlaðist kaupstaðarréttindi. Þessum tíma-
mótum var fagnað víða um bæinn með dagskrá þar sem miðað var við að flestir
finndu eitthvað við sitt hæfi. Bærinn var skreyttur hátt og lágt, stofnanir og fyrir-
tæki opnuðu dyrnar og buðu bæjarbúum upp á afslætti og önnur tilboð.

Aðaldagskrá afmælisins fór fram á Eiðistorgi þar sem Ólafur Ragnar Grímsson
forseti Íslands og Seltirningur til margra ára og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri
fluttu ávörp. Ýmsir listamenn komu fram. Jóhann Helgason flutti lag sitt Seltjarnarnes
við texta Kristjáns Hreinssonar ásamt Friðrik Vigni Stefánssyni, Guðjóni Þorlákssyni
og kórum af Seltjarnarnesi. Leikskóla- og grunnskólakórarnir ásamt Kór eldri borgara
sungu valin lög undir stjórn Ingu Bjargar Stefánsdóttur og Ólafar Maríu Ingólfsdótt-
ur. Ungmenni úr Selinu fluttu atriði úr Buggy Malone og hljómsveitin Hvítir Hrafnar
og söngkonan Margrét A. Þorgeirs- og Önnudóttir fluttu tónlist. Opnuð var sýning
þriggja myndlistarkvenna af Nesinu; þeirra Guðrúnar Einarsdóttur, Kristínar Gunn-
laugsdóttur og Sigrúnar Hrólfssdóttir í Eiðisskeri og nefnist sýning þeirra Nágrannar.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Slökkvitækja-
þjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

græn heilsa

Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann
með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Seltjarnarnesbær 40 ára

Seltjarnarnesbær var 40 ára 9. apríl. Haldin var hátíðarsamkoma á Eiðistorgi sem tókst virkilega vel, fjölmenni mætti og mikið var um dýrðir. Ef saga Seltjarnarneshrepps hins gamla er skoðuð má sjá að hreppurinn náði upp í Bláfjöll, að Garðabæ og að Mosfellsbæ fyrir um 150 árum. Svo smá kvarnaðist úr gamla hreppnum gegnum árin. Um þetta má allt lesa í Seltirningabók sem kom út árið 1991. Skipun kom frá Kaupmannahöfn árið 1786 um að hreppurinn afhenti land undir býlið Reykjavík og svo hófst þróunin svo koll af kolli. Laugarnesið og Kleppsvæðið 1894, Breiðholtið, Bústaðarhverfið árið 1923, Skildinganesið 1932 og Kópavogur árið 1948. Allt þetta land var undir Seltjarnarneshreppnum hinum gamla. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Árið 1974 var Seltjarnarneshreppur gerður að kaupstað. Seltjarnarnesbær er ekki skuldsett bæjarfélag. Gert var ráð fyrir að tekjuafgangur síðasta ár yrði 18 milljónir en þegar upp var staðið var hann um 350 milljónir, sem skírast af því að eldri gjöld innheimtust mun betur en áætlað var og svo fengust umtalsvert hærra upphæðir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna en gert var ráð fyrir. Þetta sýnir sterka fjárhagsstöðu bæjarfélagsins.

Slæm staða þjóðarbúsins

Á sama tíma er staða þjóðarbús Íslands afar slæm. Þjóðin í gjaldeyrishöftum og skuldir eru mjög miklar. Ríkisstjórn sem nú er við völd ætlar að reyna að loka einu leiðinni sem við getum átt út úr þessum höftum og þessu ástandi með því að slíta viðræðum við ESB og eru búnir að gefa sér niðurstöður úr viðræðum fyrirfram – viðræðum sem ekki tókst að ljúka. Hreggviður Jónsson formaður Viðskiptaráðs sagði í viðtali í síðustu viku að krónan kostaði Ísland á milli 100 til 150 milljarða króna. Okkur munar um minna. En þar sem sérhagsmunir eru teknir fram yfir almannahagsmuni er ekki von á góðu. Svo hefur Ólafur Ragna Grímsson forseti verið að blanda sér í ESB unnræðuna. Forseti Íslands á ekki að verið að skipta sér af pólitík.



Reksturinn mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir

Góð innheimta útsvara og auk-
ið framlag úr Jöfnunarsjóði skapa
mun betri niðurstöðu samstæðu-
ársreiknings Seltjarnarnesbæjar
fyrir árið 2013 en áætlanir gerðu
ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða árs-
ins er jákvæð um 354 m.kr. saman-
borið við áætlun 18 m.kr. Ásgerð-
ur Halldórsdóttir bæjarstjóri segir
þessa góðu afkomu helgast með-
al annars af því að framlög frá
Jöfnunarsjóði reyndust hærrí en
reiknað var með í fjárhagsáætlun
og innheimta eldri útsvarakrafna á
árinu hafi farið langt fram úr því
sem gert hafði verið ráð fyrir.

Heildar skuldir og skuldbindingar
nema um 1.699 m.kr. og hafa lækk-
að um 118 m.kr. á milli ára. Skulda-
hlutfall er 55% sem er með því allra
lægsta á landinu. Þessi góða rekstr-
arniðurstaða og sterk fjárhagsstaða
bæjarfélagsins sýna enn og aftur
þann stöðugleika sem ríkt hefur í
stjórn bæjarins á liðnum árum.

Ásgerður kveðst afar ánægð með
þessa jákvæðu niðurstöðu. „Ég er
sérlega ánægð með að geta lagt
fram ársreikning 2013 sem sýnir að
öll helstu markmið um rekstur bæj-
arfélagins hafa gengið eftir. Þessum
góða árangri er fyrst og fremst sam-
hentu átaki starfsmanna bæjarins
að þakka, vönduðum kostnaðará-
ætlunum og miklum aga í rekstri.

Álögum á íbúa hefur verið hald-
ið í lágmarki og gjaldskrár bæj-

arins hefur lækkað að raungildi
síðustu ár.

Í lykiltölum kemur fram að skatt-
tekjur nema 546 þús. kr. á íbúa og
skuldir á íbúa í árslok 2013 námu
167 þús. kr. Til samanburðar námu
meðalskuldir á íbúa höfuðborg-
arsvæðisins 1.945 þús kr. í árslok
2012 eða u.þ.b. tólf sinnum herra
en á íbúa á Seltjarnarnesi.

Íbúum Seltjarnarness um 1,1%
milli árana 2012 og 2013 og voru
íbúar 4.376 þann 1. desember 2013.
Ársreikningurinn verður lagður
fram til fyrri umræðu á fundi bæjar-
stjórnar 15. apríl.

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu


Sími: 565-7070

Nesbúinn



Eru engir Framsóknarmenn
á Nesinu?

Hámarkaðu afsláttinn



Afsláttarþrep Orkunnar + Þín stöð

Með **Afsláttarþrepum Orkunnar** býðst Orkulyklahöfum stighækkandi afsláttur af eldsneyti hjá Orkunni í takt við aukinn fjölda keyptrra lítra í mánuðinum á undan hjá Orkunni og Shell. Þín stöð bætist við Afsláttarþrep Orkunnar og verður afslátturinn þannig að hámarki 10 kr.

PREP 1 0-50L	3 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= 5 kr. afsl.
PREP 2 50-150L	5 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= 7 kr. afsl.
PREP 3 150L+	8 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= 10 kr. afsl.

Skráðu þig í **Afsláttarþrep Orkunnar** á orkan.is og hámarkaðu afsláttinn þinn.

Sjá nánar á www.orkan.is



www.orkan.is/afslattarthrep

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**



Fengu 327 milljónir fyrir Hrólfsskálamel 1 til 7

Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum að taka kaupþilboði frá Novus fasteignafélagi í lóðina við Hrólfsskálamel 1 til 7 að upphæð 327.500.000 króna.

Fjárhags- og launanevnd Seltjarnarness hafði áður lagt til við bæj-

arstjórnina að kaupþilboðið yrði samþykkt. Bæjarstjórn hefur einnig samþykkt samkomulag um kostnaðarskiptingu við Tenor ehf. vegna verklegra framkvæmda við byggingu bílageymslu vegna lóðarinnar Hrólfsskálamels 1 til 7 sem þegar hafa átt sér stað.



Hluti frambjóðenda Neslistans.

Árni áfram oddviti Neslistans

Bæjarmálafélag Seltjarnarness sem býður fram Neslistann hefur stillt upp á listann fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Árni Einarsson, núverandi bæjarfulltrúi listans, skipar áfram fyrsta sætið. Listinn er skipaður átta konum og sex körlum. Yngsti frambjóðandinn er átján ára en sá elsti á sjötugsaldri.

Neslistinn í vor er svona skipaður:

1. Árni Einarsson, bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri, uppeldis- og menntunarfræðingur.
2. Hildigunnur Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og framhaldsskólakennari.
3. Brynjúlfur Halldórsson, matreiðslumeistari.
4. Ingunn Hafdis Þorlákssdóttir, skólaritari.
5. Ragnhildur Ingólfssdóttir, arkitekt.
6. Oddur Jónas Jónasson, þýðandi.
7. Rán Ólafsdóttir, laganemi.
8. Guðbjörg Eva Pálsdóttir, menntaskólanemi.
9. Axel Kristinsson, þjálfari.

10. Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, þroskaþjálfari.
11. Björgvin Þór Hólmgeirsson, handknattleiksmaður.
12. Helga Charlotte Reynisdóttir, leikskólakennari.
13. Jens Andrésson, vélfræðingur og öryggisfulltrúi.
14. Kristín Ólafsdóttir, sérfræðingur í eiturefnaræði og dósent v/HÍ.

Bæjarmálafélag Seltjarnarness hefur boðið fram Neslistann við sveitarstjórnarkosningar frá stofnun félagsins árið 1990 og átt fulltrúa í bæjarstjórn í 24 ár. Tilgangur félagsins er að stilla saman strengi, styrk og möguleika félagshyggjufólks á Seltjarnarnesi til áhrifa. Bæjarmálafélag Seltjarnarness er opinn og aðgengilegur vettvangur fyrir þá sem vilja leggja málefnum Seltjarnarness lið með félagshyggju, jafnrétti, lýðræði, umhverfismál og opna stjórnsýslu að leiðarljósi. Félagið er t.d. ákjósanlegur vettvangur fyrir þá sem ekki vilja afmarka sig við hefðbundna stjórnmalaflokka sem starfa á landsvisu.

Leikskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2014-2015



Innritun barna fyrir skólaárið 2014-2015 fer fram í maimánuði nk. Til að eiga rétt á leikskólavöl þarf barn að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sakja skal um leikskólavöl á heimasíðu Seltjarnarnesbújar www.seltjarnarnes.is gegnum *Íttíreni Seltjarnarnes*. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir 20. apríl árið sem leikskólavöl skal hefjast. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólapláss losnar.

Nánari upplýsingar og aðstoð við innritun veitir Sonja Jónsdóttir í Leikskóla Seltjarnarness í síma 5959292. Fyrirspurnir má einnig senda á sonja@nesid.is og leikskoli@nesid.is

Upplýsingar um Leikskóla Seltjarnarness:

<http://leikskoli.seltjarnarnes.is/>

www.seltjarnarnes.is/hjornusta/menntun/leikskolar/

<http://www.seltjarnarnes.is/hjornusta/menntun/leikskolar/innritunareglur/>

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbújar



SELTJARNARNES



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerþreinsun á bíli.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílinn á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bilþvottur / djúþreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúþreinsun, bón off. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skláði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smávíðgerðir
Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slíttflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Selnestríó gerir víðreist



Selnestríó klárt í slaginn.

Selnestríó gerir nú víðreist en fjölbreytt samspil er ávallt til staðar í Tónlistarskóla Seltjarnarness. Í vetur hefur verið starfrækt tríó, sem haldið hefur tónleika víða á höfuðborgarsvæðinu nú í marsmánuði. Selnestríó, sem

samanstendur af flautu, víólu og píanói. Þetta eru tveir framhaldsnemendur við skólann á flautu og víólu ásamt Halldóri Víkingssyni píanókennara, sem leiðir æfingar í kammertónlist við skólann.

Á flautu er Ari Hörður Friðbjarn-

arson, sem hefur verið nemandi Jóns Guðmundssonar flautukennara frá haustinu 2004. Hann er á öðru ári í MR. Á víólu er Edda Rún Gunnarsdóttir, nemandi Helgu Þórarinsdóttur víólu- og fiðlukennara. Hún hóf tónlistarnám hausið 2002, og lærði á fiðlu áður en hún fór yfir á víólu. Hún lýkur stúdentsprófi við MR í vor. Mikilvægt er að langt

komnir nemendur fái reynslu af tónleikahaldi og einnig tækifæri til að spila kammertónlist, sem gerir miklar kröfur til flytjenda í samspili enda er þá enginn stjórnandinn. Á efnisskrá Selnestríós eru verk eftir Reynaldo Hahn, Wolfgang Amadeus Mozart og Max Bruch auk breskra og ískra þjóðlaga.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is



SELTJARNARNESBÆR

AUGLÝSING VEGNA SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA Á SELTJARNARNESI

FRAMBOÐSLISTAR OG FRAMLAGNING KJÖRSKRÁR

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi, sem fram skulu fara laugardaginn 31. maí 2014, rennur út laugardaginn 10. maí 2014 kl. 12:00 á hádegi.

Yfirkjörstjórn tekur á mótí framboðslistum þann dag á milli kl. 11:00 og 12:00 á bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar, 1. hæð, að Austurströnd 2 Seltjarnarnesi.

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi, almenningi til sýnis frá og með 20. maí 2014, í þjónustuveri 1. hæð á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, á opnunartíma skrifstofunnar.

Athugasemdum við kjörskrá skal beint til bæjarstjórnar.

Bent er á kosningavef Innanríkisráðuneytisins www.kosning.is

Ertu á kjörskrá? Uppfletting á slóðinni <http://www.kosning.is/sveitarstjornarkosningar/kjorskra/>

**Fh. Yfirkjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar
Pétur Kjartansson**

Vildum forðast að verða gleypt af stóra bróður

Itilefni 40 ára kaupstaðarréttinda Seltjarnarnesbæjar, áttu Nesfréttir viðtal við Magnús Erlendsson, fyrrum forseta bæjarstjórnar til margra ára og innu eftir sögu bæjarfélagsins og ástæðum þess að sótt var um að breyta sveitarfélaginu úr hrepp í kaupstað.

Hann segir að Seltjarnarnes eigi sér langa sögu. “Heimildir eru um byggð hér allt frá stuttu eftir landnám. Hinsvegar eru elstu bæjarstæði horfin í sæ vegna landeyðingar. Síðasta bæjarstæðið er frá 1829 þar sem nú er Eiðistorg. Seltjarnarnes var hreppsfélag allt til ársins 1974. Fyrr á árum átti hreppurinn mikið land, t.d. þar sem Kópavogskaupstaður stendur í dag.

Hvað olli því að hreppurinn missti yfirráð yfir Kópavogi?

“Jú, uppúr seinni heimstyrjöld byrjaði byggð að aukast í Kópavogi. Þar kom að þeir sem þar bjuggu fengu menn í hreppsnefnd Seltjarn-

arness og stuttu seinna gerðu þeir hinir sömu kröfu um slit við Seltjarnarneshrepp. Þá upphófst mikil orrahríð sem endaði með stofnun Kópavogsbæjar árið 1948.

Hvernig stóðu mál þá í Seltjarnarneshreppi?

Þá var Seltjarnarnes fámenn, ég leyfi mér að segja – nær fátækt hreppsfélag með innan við þúsund íbúa.

Hvað olli helst þeim stóru breytingum sem hafa orðið?

Landeigendur á Nesinu hófu að selja spildur úr sínum eignalöndum. Glöggskyggirnir athafnarmenn í höfuðborginni keyptu t.d. mikið landsvæði sem kirkjan hafði átt. Neskirkja reis að hluta fyrir það fé sem þar fékkst. Þessir menn voru allir þekktir borgarar á sínum tíma, t.d. Vilhjálmur Þór forstjóri SÍS, Jón Árnason bankastjóri Landbankans, Jónas Hvannberg skókaupmaður og Björn Ólafsson fyrrum ráðherra, oft



Magnús Erlendsson.

kenndur við Coca Cola. Þessir menn og síðan þeirra afkomendur hófu sölu á lóðum. Hreppurinn hafði lát-ið gera deiliskipulag og fyrr en varði fjölgaði óðfluga í hreppnum.

Hverjir voru í forystu hreppsins?

Lengst af voru það ábúendur í hreppnum og nær alltaf sjálfskipaðir. En árið 1962 ákváðu sjálfstæðismenn í hreppnum að bjóða fram flokkslista. Í kosningum það ár fengu sjálfstæðismenn meirihluta í hreppsnefnd og sá meirihluti hefur haldið í hvorki meira né minna en í 52 ár, sem er einsdæmi í íslenski stjórnmalasögu.

En hvernig orsakaðist að þið urðuð að bæjarfélagi?

Á þessum árum, reyndar eins og nú, voru uppi háværar raddir sem töldu að innlima bæri Seltjarnarneshrepp í höfuðborgina. Rökin voru ákaflega léttbær, okkur myndi vegna betur undir stjórn “stóra bróður”. Nú voru góð ráð dýr – reyndar rán-

dýr. Við í hreppsnefnd ákváðum að sækja um til Alþingis að við fengjum kaupstaðarréttindi, vitandi að enginn kaupstaður á landinu hefði verið innlimaður í annan kaupstað. Sjálfur talaði ég við alla þingmenn Reykjaneskjördæmis, reyndar oft og mörgum sinnum við suma þeirra. Málið var algjörlega ópólitíkt. Allir hreppsnefndarmenn sammála. Vildum forðast að “verða gleyptir af stóra bróður.”

Hvernig fór málið?

Alþingi samþykkti þann 9. apríl, 1974 – án mótatkvæða – kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarnesi. Þetta var reyndar sama dagsetning og þegar herir Hitlers hernámu frændþjóðir okkar, Dani og Norðmenn árið 1940 – en það er önnur saga. Við Seltirningar vorum hinsvegar komnir í höfn. Framhaldið þekja flestir. Ég get bætt því við, að þegar ég flutti með mína fjölskyldu hingað á Nesið í byrjun ársins 1963, var það vegna þess að húseignir hér voru allt að 30% ódýrari en í höfuðborginni. Það dæmi hefur hinsvegar í árunna rás heldur betur snúist við.

Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér?

“Við ákváðum á sínum tíma að íbúafjöldi bæjarins yrði í kringum fimm þúsund. Sú ætlun stendur. Í dag erum við Seltirningar um 4500. Nær 90 íbúðir eru í farvatninu. Kjarni málsins er hinsvegar, að þeir sem einu sinni hafa flutt á Nesið, hafa nær allir sett sér að búa hér til æviloka. Hærri og betri einkunn getur ekkert bæjarfélag fengið,” segir Magnús Erlendsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar.

Undirbúningur að nýrri borholu hafinn

Hafinn er undirbúningur við nýja tilraunaborholu við Bygggarðstanga á Seltjarnarnesi. Seltjarnarnesbær rekur eigin hitaveitu og getur með því móti boðið bæjarbúum þjónustuna fyrir afar sanngjarnt verð.

Fyrstu tilraunir við að bora fyrir heitu vatni á Seltjarnarnesi fóru

fram árið 1965 og þó grunnt væri borað kom hátt hitastig vatnsins mönnum strax á óvart. Síðan þá hafa fleiri holur verið boraðar. Nú eru vinnsluholurnar alls fjórar, allar norðanmegin á Nesinu og borholurnar átta. Nú binda menn vonir við að þar sé að finna einu heitustu uppsprettuna.



Tilbúið á einungis 2-3 mín.
Ferskt og fljótlegt!

Pastellone di Pasta
PASTELLA



góðgæti frá Jóa Fel

Bakarí Jóa Fel við Hringbraut

Opnunartímar um páskanna:

Skírdagur, opið frá kl. 8 – 17.

Föstudagurinn langi – lokað.

Laugardagur fyrir páska, frá kl. 8 – 17.

Páskadagur – lokað.

Annar í páskum, opið frá kl. 8 – 16.

Verið hjartanlega velkomin.



*Samkvæmt greiningu Creditinfo.

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

Seltirningar eru ánægðir

Seltjarnarneskaupstaður heldur upp á 40 ára kaupstaðarafmæli 9. apríl. Þann dag 1974 samþykkti Alþingi án móttakvæða kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarnesi. Bæjaryfirvöld mótuðu síðan þá stefnu að íbúar á Nesinu yrðu í kringum fimm þúsund. Í dag eru um 4,500 íbúar á Seltjarnarnesi og bygging allt að 90 íbúða eru í farvatninu. Ef lítið er aftur í tímann til upphafs sjöunda ártugar síðustu aldar voru íbúðir um 30% ódýrari á Seltjarnarnesi en í Reykjavík. Það dæmi hefur snúist verulega við. En hvað ætla Seltirningar að gera sér til dagamunar í tilefni af afmælinu og hver er staða bæjarfélagsins um þessar mundir.

Ásgerður segir spennandi verkefni að halda utan um afmælis dagskrá Seltjarnarnesbæjar. Máltekið segi að allt sé fertugum fært og Seltjarnarnes búið að slíta barnskónum og hlaupa af sér hornin. „Seltjarnarneskaupstaður nú fullþroskað samfélag og fullskipulagt og býður upp á ótal tækifæri fyrir fólkið sem þar býr.“ Hún segir að árið verði varðað viðburðum sem tengjast afmælinu. „Þar get ég m.a. meðal annars nefnt útgáfu Seltirningabókar á rafrænu formi og gerð nýrrar heimasíðu fyrir bæinn. Gefa á út veglegt afmælisrit auk þess sem reglubundnum hátíðum verður gert hærra undir höfði af þessu tilefni. Hvað afmælisdaginn sjálfan áhrærir,“ heldur hún áfram „er hugmyndin að bjóða bæjarbúum að koma saman, skapa góða stemningu og taka þátt í veisluhöldunum. Allan afmælisdaginn verða stofnanir og fyrirtæki í bænum með glaðning og gleði af ýmsum toga fyrir bæjarbúa. Á afmælisdeginum verður afhjúpað að nýju eitt veigamesta listaverk Seltirninga. Skyggnst bak við tunglið eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara, á torginu á mótum sundlaugarinnar og heilsugæslunnar.“

Um 92% ánægðir

Á Seltjarnarnesi eru 92% íbúa ánægðir með búsetuskilyrði bæjarfélagsins, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Capacent gerir meðal sveitarfélaga. Bærinn fær meðal einkunnina 4,5 af 5 mögulegum og er þar með hæstu einkunn af öllum sveitarfélögum í landinu ásamt tveimur öðrum. Ásgerður segir þjónustu Seltjarnarnes njóta verðskuldaðrar viðurkenningar þriðja árið í röð. „Þegar á heildina er lítið út frá reynslu og álitu íbúa er Seltjarnarnesbær með hæsta stigafjölda meðal bæjarfélaga landsins og efst á listanum á þessu ári. Seltjarnarnesbær trónir í 1. til 3. sæti í nánast öllum þrettán þáttum könnunarinnar sem spurt var út í og á metið í fimm þeirra. Þessi jákvæða niðurstaða undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er okkur hvatning að halda áfram á sömu braut.“

Annað árið í röð er Seltjarnarnes í broddi fylkingar þegar kemur að þjónustu bæjarins við barnafjölskyldur. „Börnin eru framtíðin og því eru niðurstöður könnunarinnar gagnvart þeim málaflokki okkur afar mikils virði. Fram kemur að um 78% íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með grunnskóla bæjarins og erum við þar í öðru sæti meðal sveitarfélaga landsins. Leikskólinn nýtur 85% ánægju meðal bæjarbúa og skipar sér þar í fremstu röð ásamt tveimur öðrum bæjarfélögum á landinu. Samkvæmt könnuninni eru um 91% bæjarbúa mjög ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar og er Seltjarnarnesbær þar í öðru sæti á landsvísi.“

Umhverfi og menningarmál í hávegum

Ásgerður bendir á ef til vill komi ekki á óvart að Seltjarnarneskaupstaður stingur önnur sveitafélög af þegar kemur að gæðum umhverfis og er þar með hæstu einkunn á landsvísi annað árið í röð. Menningarmál fá góða umsögn bæjarbúa en þar er bærinn með næsthæstu einkunnina á landsvísi og hvað varðar þjónustu við fatlaða þykir aðeins eitt sveitarfélag á landinu standa Seltjarnarnesi frammar. Ánægja eldri Seltirninga með þjónustu bæjarins er sú hæsta sem mælist á landinu annað árið í röð og hefur aukist á milli ára. „Niðurstaðan er okkur einkar ánægjuleg því bærinn hefur kappkostað að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við þá sjálfa með það að markmiði að aldraðir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili. Það samræmist einnig yfirlýstri stefnu félagasamtaka eldri borgara.“



Ásgerður Halldórsdóttir.

Leiðandi í æskulýðs- og skólustarfi

„Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa,“ heldur Ásgerður áfram. „Að baki þeirri aðferðafræði liggur sú sannfæring okkar að samstarfið skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri. Seltjarnarneskaupstaður leggur áherslu á að Nesið verði áfram leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísi, þar sem lögd er áhersla á jöfn tækifæri, árangur og vellíðan.“ Ásgerður segir gleði, metnað og fagmennsku einkenna skólustarfið á Seltjarnarnesi. Breytingar á sviði menntamála geri ætíð kröfur til þess að bæjarfulltrúar haldi vöku okkar og reyni sífellt að gera betur í samstarfi við skólustjórnendur. „Miklu skiptir að við Seltirningar séum ávallt í fararbroddi hvað varðar menntun og nýbreytni í skólustarfi. Seltirningar hafa um langt skeið lagt sig fram

um að vera í forystu á sviði skólamála og oftast en ekki uppskorið ávinning þess. Má nefnda farsælt samstarf á milli Tónlistarskólans, leikskólanna og grunnskólans.“

Byggja 34 litlar íbúðir á Hrólfsskálamel

Erfitt hefur verið fyrir ungt fólk að festa húsnæði á nesinu, íbúðirnar hafa verið dýrar og lítið framboð. Ásgerður segir það hafa verið stefnu bæjaryfirvalda að leita leiða til að auka svigrúm í byggingu íbúða fyrir yngra fólk og eldra fólk sem vill minnka við sig. „Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samþykkt að taka tilboði í byggingaréttinn að Hrólfsskálamel 1 til 7 á Seltjarnarnesi. Þar verða byggðar 34 litlar tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir í þriggja til fimm hæða fjölbýlishúsi til að mæta síaukinni eftirspurn eftir hagkvæmu húsnæði. Íbúðirnar verða hannaðar með þarfir ungs fjölskyldufólks í huga sem vill kaupa sér sína fyrstu eða aðra íbúð og einnig fyrir eldra fólk sem kys að minnka við sig. Stefnt er að því að íbúðir hússins verði í minni kantinum eða á bilinu 65 til 110 fermetrar. Undirbúningur byggingu fjölbýlishússins er þegar hafinn og er stefnt að því að afhenda fyrstu íbúðir snemma árs 2016. Hrólfsskálamelur er ákjósanlegur staður fyrir þann markhóp sem Upphaf fasteignafélag leggur höfuðáherslu á. Í næsta nágrenni eru leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, líkamsrækt og íþróttaaðstaða, sundlaug og önnur þjónusta í verslunarkjarnanum á Eiðistorgi.“

Lægsta útsvarsprósentan

Ásgerður bendir á að undir stjórn sjálfstæðismanna hafi Seltjarnarneskaupstaður boðið íbúum sínum upp á lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu, 13,66%. „Fjárhagsáætlunin fyrir næsta ár ber vitni um ráðdeild og samfélagslega ábyrgð. Seltjarnarnes er sjálfbært bæjarfélag og mun sýna jákvæða afkomu í rekstri bæjarins fyrir árið 2013, sem er forsenda fyrir frekari uppbyggingu innviða samfélagsins. Rekstrarniðurstaða Seltjarnarnesbæjar árið 2013 verður betri en áætlun gerði ráð fyrir. Allar kennitölur í rekstri staðfesta fjárhagslegan styrk bæjarins og er skuldahlutfall 55% sem er meðal lægsta hlutfall hjá sveitarfélagi á landinu. Með samstilltu átaki bæjarstjórnar og starfsmanna Seltjarnarnesbæjar varð reksturinn árið 2013 mjög góður.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is





Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Hjúkrunarheimili við Safnatröð

Gert er ráð fyrir að nýtt hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi verði tilbúið seinni hluta ársins 2015. Ásgerður segir að samningur hafi verið undirritaður við velferðar-ráðuneytið 30.12. 2010 um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi. Samkvæmt samningnum mun Seltjarnarnesbær leggja heimilinu til lóð og annast hönnun og byggingu þess. Ákveðið hefur verið að heimilið verði byggt við Safnatröð. Arkitektar hjúkrunarheimilisins telja kostinn við þá staðsetningu felast í því hversu rúm lóðin er. Það býður upp á tækifæri til að reisa hjúkrunarheimilið sem byggingu á einni hæð. Auk þess býður lóðin við Safnatröð upp á fjölbreyttari möguleika varðandi aðkomu að byggingunni, en bæjarstjórn mun taka ákvörðun um þessa staðsetningu á næstu vikum.“

Náttúruperlan Gróttta - umhverfisþing

Ásgerður kveðst vera hæstánægð með góða þátttöku og fjörugar og málefnalegar umræður sem sköpuðust á umhverfisþingi sem umhverfisnefnd Seltjarnarness stóð fyrir á liðnu ári. Að sögn hennar mættu um eitt hundrað manns á þingið og fjölluðu um umhverfismál út frá fjórum skilgreindum málaflokkum. „Í samgöngu- og aðgengismálum lögðu íbúar áherslu á betri samgöngur og aðstöðu fyrir hjólríðafólk auk þess sem kallað var eftir betri strætisvagnatengingum við stofnleiðir og lykilstofnanir,“ segir Ásgerður, og bætir við að mati íbúa felist sérstaða bæjarfélagsins í lítilli umferð, stuttum veglengdum innanbæjar og að miðbæ Reykjavíkur auk þess sem stígakerfi og græn svæði voru lófuð. Hvað orku- og úrgangsmál áhrærir stendur vilji flestra til að nýta affall heita vatnsins á hagkvæman hátt. „Við höfum yfir eigin hitaveitu að ráða sem er með góðu vatni til heilsuþóta og það eigum við að nýta okkur.“

Afmörkunin er mikilvæg

Að sögn Ásgerðar telja íbúar Seltjarnarness sig búa yfir ríkri sérstöðu hvað náttúruvarfar varðar. „Sérstaðan felst meðal annars í aðgengi að fallegu umhverfi við bæjarfótinn og ríku fuglalífi. Gróttan er talin mikil náttúruperla sem og Vestur-svæðin, fjaran og sjórinn sem reynast mikið aðdráttarafl fyrir heimamenn og aðkomumenn.“ Ásgerður bendir einnig á að afmörkun Seltjarnarness með hafið á þrjá vegu felist mikil sérstaða. Verulega ánægja sé með aðgengi að opnum svæðum og samþættingu verndunar og

nýtingar náttúru og útivistarsvæða. Hún segir að á umhverfisþinginu hafi komið fram óskir íbúa um að nota trjágróður markvisst til skjólmyndunar í almenningsrýmum og að útbúa aðstöðu fyrir matjurtargarða. Þá hafi verið óskað eftir því að ljúka innan fimm ára deiliskipulagi sem varðar afstöðu til uppbyggingar ylstrandar, golfvallar og hvers kyns annarrar útivistaraðstöðu

Gatnaþrengingar í Reykjavík skapa okkur vanda

Ásgerður minnst að lokum á skipulagsmál á höfuðborgarinnar

sem eru mörgum Nesbúum hugleikin þessa dagana. „Grannsvæði Seltirninga, við Vesturhöfnina, nálægt Slippnum og Grandanum, er eitt af alvarlegri dæmunum um ríkjandi óraunsæi og tillitsleysi. Þarna liggur Mýrargata, sem margir Seltirningar eiga óhjákvæmilega leið um oft á dag, og því eðlilegt að þeir láti sig þróun svæðisins miklu skipta. Vaxandi fjöldi atvinnufyrirtækja er á svæðinu, að ógleymsdu oliugeymasvæði höfuðborgarinnar í Örfirisey, sem margir tugir oliuflutningabíla aka frá og til með farm sinn hvern virkan dag. Hringbraut þolir illa meiri umferð. Þrenging-

ar á helstu umferðargötum í nærliggjandi hverfum, sem hluti gegnumferðar gæti færst til, t.d. hinar umdeildu breytingar Hofsvallagötu. Tryggja verður að borgarbúar komist greiðlega á milli borgarhluta og neyðarrýming borgarhverfa verður einnig að vera framkvæmanleg, þótt vonað sé í lengstu lög að til slíkra aðstæðna komi ekki. Núverandi áform borgaryfirvalda auðvelda ekki bílaumferð um Mýrargötu, heldur þvert á móti þrengja að henni,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri að lokum.

Umferð hunda og katta 2014



Orðsending til hunda- og kattaeigenda

Af gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla. Hundabann gildir í Gróttu allt árið.

LAUSAGANGA HUNDA ER BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI



Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Gísli Hermannsson ráðinn sviðsstjóri

Gísli Hermannsson hefur verið ráðinn sviðsstjóri umhverfissviðs Seltjarnarbæjar. Gísli kemur til með að stýra sviðinu, en helstu verkefni sem falla undir það eru hita-, vatns- og fráveitur, verklegar framkvæmdir, starfsemi áhaldahúss og umsjón með eignasjóði.

Gísli er rekstrarverkfræðingur frá Álaborg en hann hefur áður gegnt störfum sem yfirverkfræðingur Landsspítalans, forstöðumaður rekstrar- og tæknisviðs Sjúkrahúss Reykjavíkur og, eftir sameiningu stóru spítalanna, sviðsstjóri rekstrarsviðs Landsspítala Háskólasjúkrahúss. Þá var hann rekstrarstjóri hjá jarðverktakafyrirtækinu Heimi og Þorgeiri ehf. og rak um skeið eigið verktakafyrirtæki. Fyrirrennari Gísla hjá Seltjarnarbæ var Stefán Eiríkur Stefánsson sem var nýlega ráðinn til að gegna stöðu yfirmanns vatnsveitunnar í Bergen, Noregi.



Gísli Hermannsson.

Til hamingju Seltjarnarnes

Bærinn okkar Seltjarnarnes er fertugur um þessar mundir. Margt má segja og rifja upp af minna tilfni. Hver hefur vegferðin verið? Hvað einkennir okkur og hvert stefnum við. Náttúran hefur gefið okkur glæsta umgjörð, haf, land fjölbreytt lífríki og fagurt heildstætt landslag til að njóta. Tengsl við sögu lands og höfuðstaðar eru mikil og oft áþreifanleg í umhverfinu og samofin því.

Við hljótum að virða og meta hátt sögu Ness og Nesstofu. Það lyftir samfélaginu og styrkir alla hugsun um það. Við erum um 4400 íbúarnir, en eigum lítið land til umráða. Við eigum að mörgu leyti gott samfélag og margt hefur tekist vel að leysa, en áfram er að mörgu að hyggja til að bæta og byggja það upp. Til að meta stöðu okkar og framtíðarsýn þarf einlægni og hreinskiptið vinnulag. Við getum kallað það lýðræði með upplýsta umræðu sem grunnstef og ýmsar leiðir til að framkvæma. Þetta verðum við sjálf að tryggja; skref hafa verið stigin, en þau þurfa að vera fleiri og eitt leiði af öðru. Þannig skapast viddir í samskiptum og menningu sem við þörfnumst. Samfélag þróast og mótast og í okkar dæmi er það heilt samfélag en ekki hverfi í stór-um bæ. Framtíðarsýnin beinist að



Margrét Linda Ólafsdóttir.

traustu og hreinskiptu lýðræði og vel grunduðu og þróðu samstarfi. En við stöldrum við áhrifaþætti til framtíðar og bendum á að þjónusta muni miklu ráða um val fólks til búsetu hér; þjónustan við unga, við unglinga og fjölskyldur og við aldræða. En þetta gerist við aðstæður þegar verð húsnæðis er hliðstætt í næstu byggðahverfum Reykjavíkur og hér. En við skulum vinna þetta saman, faglega og í lýðræðislegum samskiptum. Enn og aftur bestu hamingjuóskir, Seltirningar allir. Samfylking Seltirninga.

Margrét Lind Ólafsdóttir skipar fyrsta sæti á framboðslista Samfylkingar fyrir bæjarstjórnarkosningar á Seltjarnarnes.

Való tók fyrsta og annað sætið

Kári Rögnvaldsson í Valhúsa-skóla bar sigur úr þýtum í Stóru upplestrarkeppninni 2014 sem haldin var í safnaðarheimilinu við Vídalínskirkju í Garðabæ miðviku-daginn 26. mars. Í öðru sæti var Sigurlaug Brynjúlfsdóttir einnig úr í Valhúsa-skóla og Gunnar Bergmann Sigmarsson Flatakóla hafnaði í 3. sæti.

Keppendurnir voru þrettán talsins og komu frá Álfstanesskóla, Flata-skóla, Hofsstaðaskóla, Sjalands-skóla, Vífilsskóla og Grunnskóla Seltjarnarness, Valhúsa-skóla. Þau lásu samfelldan texta úr skáldsögunni Ertu Guð, afi? eftir Þorgrím Þráinsson, ljóð að eigin vali eftir Erlu (Guðfinnu Þorsteinsdóttur) og ljóð að eigin vali. Var til þess tekið hversu vel allir þátttakendur stóðu



Verðlaunahafar í Stóru upplestrarkeppninni.

sig. Hátíðinni lauk með því að lesarar fengu bókargjöf og sigurvegarar auk þess peningaverðlaun og viðurkenningarskjal frá Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn.

Hugmynd um Gróttubraut kolfelld

Tillaga menningarmálanefndar Seltjarnarness um að breyta nafni Norðurstrandar í Gróttubraut var kolfelld á fundi bæjarstjórnar á dögunum.

Á fundi menningarmálanefndar hafði verið rætt að vel færi á að gefa Norðurströnd nýtt heiti annað hvort Gróttubraut eða Gróttuströnd og leggja með því áherslu á það kennileiti sem Gróttan er fyrir Seltjarnarnes og gera það á afmælisárinu. Nefndin lagði til við bæjarstjórn að hún taki afstöðu til málsins. Tillaga menningarmálanefndar var borin upp á fundi bæjarstjórnar og var felld með öllum greiddum atkvæðum. Norðurströnd mun því áfram verða til í gatnakerfi Seltjarnarness.

MUNIÐ HREINSUNARDAGINN LAUGARDAGINN 26. APRÍL

Baldur Gunnlaugsson kynnir moltugerð klukkan 11:30

Opið á Eidstorgi milli 11 og 14





Sigurlið Valhúsaskóla sem sigraði í sínum riðli í Skólahreysti.

Való sigurvegari í Skólahreysti

Valhúsaskóli sigraði sinn riðil í Skólahreysti 27. mars 2014 í íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi.

Keppendur skólans voru: Arndís Ásbjörnsdóttir sem keppti í hraðapraut (2.51 sek), Bjarni Geir H. Halldórsson sem keppti í hífum (35) og

dýfum (54), Karen Hilma Jónsdóttir sem keppti í armbeygjum (33) hreystigreip (2.45) og Ragnar Þór Snæland keppti í hraðapraut (2.51 sek). Til vara voru Katrín Viktoría Hjartardóttir og Markús Ingi Hauksson.

Rauða ljónið stendur vaktina

„Við erum mjög glöð með hvernig til hefur tekist og viðtökur hafa verið eftir því,“ sagði Hafsteinn Egilsson á Rauða ljóninu, en þar er hann að tala um þá nýbreytni að hafa heitan og góðan heimilismat í hádeginu alla virka daga.

Hafsteinn sagði einnig að auk þess að vera með heimilismat séu sífellt fleiri sem koma á Rauða ljónið til að borða. Viðbótin, það er heimilismaturinn í hádeginu, hefur orðið til þess að æ fleiri komi við á Rauða ljóninu og þá á Eiðistorgi. „Ég er viss um að aðrir sem veita þjónustu hér á torginu njóta góðs af.“

Seltjarnarneskaupstaður fagnar 40 ára afmæli og Rauða ljónið hefur tekið þátt í hátíðarhöldunum. „Það var fullt út úr dyrum hjá okkur miðvikudaginn 9. apríl, þegar afmælisins var minnst á torginu.“

Þegar Hafsteinn var spurður hvað sé framundan, brosti hann og svaraði. „Íslenski fótboltinn er að byrja og svo er tvísýnt um úrslit í Englandi, Meistaradeildinni og víðar. Við höfum skipt um sjónvarpsskjái,



Hafsteinn Egilsson.

hér eru einungis hágæða 70 tommu skjáir. Finna verður það varla.“

Það er erfitt að halda Hafsteini til að klára viðtalið. Það er mikið að gera, fólk sækir pizzur til að fara með heim auka annarrar þjónustu. „Mér þykir ánægjulegt hversu margar eru farnir að borða pizzurnar okkar. Ég er ekki hissa. Þær eru það góðar og eru að auki með 30 prósentu afslætti þegar fólk sækir þær.

Hafsteinn fær stund milli stríða og segir þá. „Mér þykir Rauða ljónið minna sífellt meira á félagsmiðstöð.“

Forgangsröðum í anda jöfnuðar og réttlætis með hagsmuni íbúa að leiðarljósi

Sköpum breiða samstöðu um gæðamenntun á öllum skólastigum þar sem allir fá nám við hæfi

Snúum við íbúapróun á Seltjarnarnesi með nýjum lausnum í húsnæðismálum ungra fjölskyldna

Aukum gagnsæi og samráð við íbúa bæjarins

XS

Viðtal við unga Seltirninga í tilefni 40 ára afmælis bæjarins

Hvernig sérðu Seltjarnarnes fyrir þér í framtíðinni?

Ýmsar spurningar eru uppi um íbúapróun á Seltjarnarnesi. Seltirningar eru að eldast og nokkuð vantar á að Nesið haldi í við önnur byggðalög á höfuðborgarsvæðinu að þessu leyti. Börnum fækkar og erfiðara verður að fullnýta skóla bæjarfélagsins og einnig að manna unga árganga í Gróttu. Af hverju stafar þetta má spyrja.

Nesfréttir hafa lagt spurningar fyrir unga Seltirninga í tilefni bæjarstjórnar kosninga á Nesinu í vor. Spurningarnar eru um hvaða möguleika þau sjá í þessari stöðu. Einnig var spurt um hvort bæjarfélagið sé hugsanlega að verða of fámennt til þess að hægt sé að reka það á hagkvæman hátt og hvort viðkomandi sjái fyrir sér auknið samstarf við Reykjavíkurborg eða hugsanlega sameiningu við borgina í framtíðinni.

Íbúðaverð hefur afgerandi áhrif

Rán Ólafsdóttir, Guðbjörg Eva Pálsdóttir og Axel Kristinsson, framboðendur Neslista segja að Seltjarnarnes hafi alla möguleika til þess að vera besti staðurinn fyrir ungt fólk að búa á. „Sveitarfélag sem býr við hátt fasteignaverð og fækkun barna á leik- og grunnskólaaldri þarf að koma betur til móts við fjölskyldufólk. Þar geta lág leikskólagjöld og önnur þjónustugjöld vegna barna og ungmenna vegið þungt. Fyrir því hefur Neslistinn beitt sér. Þannig hefur Neslistinn beitt sér fyrir því á þessu kjörtímabili að leikskólagjöld hækkuðu ekki. Þó verður að gera betur og má sem dæmi nefna að leikskólagjöld eru tæpum 22% hærrí á Seltjarnarnesi en í Reykjavík og gjald fyrir frístaðheimili er tæpum 28% hærra á Seltjarnarnesi en í Reykjavík samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ. Neslistinn ætlar að beita sér fyrir því að Seltjarnarnes bjóði upp á lægstu leikskólagjöld allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þannig teljum við að sé hægt að koma til móts við og laða að ungt fjölskyldufólk.“



Axel Kristinsson, Guðbjörg Eva Pálsdóttir og Rán Ólafsdóttir.

Purfum að eiga gott samstarf við Reykjavíkurborg

Vegna spurningar um stöðu bæjarfélagsins og framtíðar benda þau á að útsvarstekjur á hvern íbúa á Seltjarnarnesi séu með því sem hæst gerist í sveitarfélögum landsins. „Þess vegna hefur Seltjarnarnesbær getað leyft sér að fullnýta ekki heimild til hámarks útsvars. Seltirningar þurfa að eiga gott samstarf við Reykjavíkurborg og eiga það nú þegar í gegnum ýmis byggðasamlög og verkefni. Við stöndum frammi fyrir því að meðalaldur íbúa fer hækkandi og við því þarf að bregðast með því að auðvelda ungu fólki að setjast að á Nesinu. Fáar lausnir eru í boði þar sem framboð minni íbúða á Seltjarnarnesi er mjög lítið. Neslistinn leggur áherslu á að nýta þær byggingarlóðir sem lausar eru í að reisa minni íbúðir á viðráðanlegri verði en nú stendur til boða. Með því að

byggja til framtíðar, ásamt því að veita fjölskyldufólki aukin fríðindi má sporna við þeirri þróun sem orðið hefur.“

Íbúum mun fjölga með byggingaframkvæmdum

Arnar Þorkelsson og Íris Björk Símonardóttir svörðu fyrir framboð sjálfstæðismanna. Þau segja helstu vandkvæðin fyrir ungt fólk sem vill setjast að á Seltjarnarnesi vera að ná að fjármagna kaupin á fasteign. „Framtíðar ívilnanir eins og gjaldfrjáls leikskóli eða ókeypis fæði í skólum munu ekki leysa þann vanda. Ungt fólk vill búa á Seltjarnarnesi og ala upp börn sín þar. Ástæðan fyrir því er að á Seltjarnarnesi eru góðir skólar og öflugt íþrótt- og tómstundastarf en ungt fólk velur oft að flytjast í önnur hverfi þar sem þar bjóðast stærri íbúðir fyrir sömu fjárhæð. Að okkar mati þarf að skoða enn frekar bygg-

ingarmöguleika á Seltjarnarnesi og huga vel að skipulagi nýrra íbúða með ungt fjölskyldufólk í huga.“ Þau segja að íbúum Seltjarnarnes mun fjölga nokkuð með þeim byggingaframkvæmdum sem nú eru í farveginum og vonandi verða frekari byggingarmöguleikar skoðaðir. „Með þessari fjölgun og áframhaldandi skynsemi í rekstri bæjarfélagsins er ekkert sem bendir til annars en að Seltjarnarnes gæti verið rekið á hagkvæman hátt til framtíðar. Við sjáum ekki að sameining við Reykjavíkurborg gæti á nokkurn hátt þjónað hagsmunum okkar íbúa Seltjarnarness betur en ávallt er vert að skoða samstarf við önnur bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu ef að það gæti á einhvern hátt bætt þjónustustig við íbúana.“

Hefur alla möguleika til að verða eftirsóttur staður

Guðmundur Ari Sigurjónsson og Eva Margrét Kristinsdóttir svörðu fyrir framboð Samfylkingar en þau skipa 2. og 3. sæti á framboðslista hennar. Þau telja Seltjarnarnes hafa alla möguleika til þess að verða eftirsóttur staður fyrir ungar barnafjölskyldur. „Því hefur verið haldið fram að Seltjarnarnesi sé fullbyggt en ef hugsað er út fyrir kassann og lausna leitað má sjá að margir reitir eru enn óbyggðir sem gætu boðið upp á spennandi lausnir í húsnæðismálaum en þar ber einna helst að nefna bílastæði á Eiðistorgi, þesínstöðvaplan-ið við Austurströnd auk þess sem Kirkjubraut og Vallúsabraut eru ekki enn fullbyggðar. Mikilvægt er að þau svæði sem eru óbyggð verði nýtt undir íbúðir fyrir ungt fólk þar sem lögð verði áhersla á að halda byggingarkostnaði niðri. Mikil eftirspurn er eftir því hjá ungu fólki að kaupa sína fyrstu eða aðra eign á Seltjarnarnesi og er það baráttumál Samfylkingarinnar að það verði raunhæfur kostur. Leikskólagjöld á Seltjarnarnesi hafa haldist óbreytt frá árinu 2010 þegar þau voru í hærra lagi samkvæmt því sem þekktist annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Samfylkingin á Seltjarnarnesi leggur áherslu á að bærin setji sér það markmið að verða leiðandi í skóla-, íþrótt- og öðru



Arnar Þorkelsson og Íris Björk Símonardóttir.

tómstundastarfi. Þegar fjölskyldur taka ákvörðun hvar þær vilji setjast að og ala upp börnin sín er litið til gæða leikskóla og skóla á svæðinu auk þess sem íþróttir og annað tómstundastarf skipa stóran sess. Mikilvægt er að ráða fagmenntaða leikskólakennara og áhersla sé lögð á gott og uppbyggjandi starf á leikskólum bæjarins en jafnframt að bærinn leggi áherslu á að tengja saman fæðingarorlof og leikskólagöngu barna. Eftir efnahagsþrengingarnar haustið 2008 hefur verið skorið niður í framlagi til íþróttastarfsmanna en mikilvægt er að vinna að því að efla fjárveitingu á ný svo hægt sé að halda úti góðu og faglegu starfi. Mikilvægt að lögð sé áhersla á að þjálfarar og aðrir starfsmenn séu fagmenntaðir á sínu sviði og geri sér grein fyrir því mikilvæga uppbyggingarstarfi sem þeir gegna samhliða þjálfun eða öðrum störfum.

Fækkunin áhyggjuefni

Guðmundur Ari og Eva Margrét segja þá fækkun sem hefur átt sér stað í skólum bæjarins vera



Guðmundur Ari Sigurjónsson og Eva Margrét Kristinsdóttir.

áhyggjuefni. „Fækkunin kemur fram á mörgum sviðum bæjarins til dæmis hefur verið töluverð fækkun iðkenda hjá Gróttu og nú er það svo að sumir flokkar eiga erfitt með að ná í lið sem er miður. Foreldrar leggja mikla áherslu á að börnin þeirra fái faglega og góða þjónustu þegar kemur að íþróttum eða öðrum tómstundum og því grundvall-

aratriði að gæði og umgjörð skóla, íþróttastarfs og annars tómstundastarfs sé með besta mótí. Grundvallaratriði er að hugsa í skapandi lausnum þegar kemur að framtíð Sel-

tjarnarness og ekki hengja okkur á gamla og úrelta hugsunarhætti.“ Þau benda á að á Seltjarnarnesi hafi þróunin verið í þá átt að eldri íbúum bæjarins hefur farið fjölgaandi á kostnað þeirra sem yngri eru. „Það er hagur hvers sveitarfélags að samsetning íbúa sé sem fjölbreyttust og því mikilvægt að marka betri og skýrari stefnu í húsnæðis-, skóla- og skipulagsmálum. Samfylkingin á Seltjarnarnesi telur það vera eitt mikilvægasta verkefni bæjarins að marka sterka og skýra framtíðarsýn með það að markmiði að bærinn verði eftirsóttur staður til að búa. Seltjarnarnes er þó ekki eyland og mikilvægt að vera í góðum samstarfi við nágranna sveitarfélög. Mikilvægt er að finna leiðir að því markmiði að Seltjarnarnes verði leiðandi í mennta- og tómstundamálum auk þess að vera eftirsóttur og raunhæfur kostur fyrir ungar barnafjölskyldur.“

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is



Jafnvægið býr í Systrasamlaginu

- Fallegt handbragð - Fallegt efni - Falleg hugsun - Fallegt innihald -



Jógadýnur og fylgihlutir af bestu gæðum frá Manduka.

NÝ SENDING!



Lífrænt Túrmerik frá Viridian án allra auka- og fylliefna. Það allra besta.



LOKSINS Á ÍSLANDI!

Stórkostlegu sápurnar frá Dr. Bronner eru 100% náttúrulegar, lífrænar, ilma dásamlega, fair trade og henta allri fjölskyldunni.



Nærandi sálarfæða Systrasamlagsins; samlokur, þeytingar, skot, croissant og margt fleira.



Nærandi náttúrulegir ilmvötn.

PÁSKAR

OPIÐ SKÍRDAG:
11-15.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 5116367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar
Laugardagar

9 - 18
10 - 16

LOKAÐ:

FÖST. LANGA,
LAUG. 19. APRÍL,
PÁSKADAG OG
ANNAN Í PÁSKUM.



Sigurvegarar í smásagnakeppni 5. bekkjar.

Smásagnakeppni í 5. bekk

Í febrúar voru nemendur 5. bekkjar í ritunarátaki sem lauk með smásagnakeppni. Nemendur fengu tvær vikur til að skrifa smásögu sem þeir skiluðu svo undir dulnefni.

Gífurleg eftirvænting var í hópnum þegar sigurvegarar

voru tilkynntir.

Í 1. sæti var Rafn Ágúst Ragnarsson með söguna HELLASAGA, í 2. sæti Ómar Ingi Halldórsson með söguna ÍPRÓTTALEIKARNIR og í 3. sæti Edda Steingrimsdóttir með söguna RUGLAÐ ÆVINTÝRI.

Hvað hefur gert Nesið svo sérstakt

Á haustdögum voru haldin prófkjör hjá þeim flokkum sem ætla að bjóða fram í kostningum nú í vor, og mætti undirritaður á einn slíkan til að hlusta á hvaða áherslur framþjóðundur væru með varðandi hin ýmsu mál sem varða nútíð og framtíð Nesins og sitt sýndist hverjum en allir áttu þeir það sameiginlegt hvað samfélagið á Nesinu væri sérstakt og í raun einstakt að mörgu leiti þegar borið er saman við mörg önnur sveitafélög.

Eftir að hafa hlustað á helstu áherslur framþjóðanda þá kom svo sem ekki á óvart að það eru skóla og íþróttamálefni efst í huga og allt gott um það að segja og meiga bæjarbúar vera stoltir af þó svo að eflaust sé einhvað sem betur má gera.

Það sem mér þótti vanta í umræðuna og saknaði eru áherslur á hvað það er sem hefur einkennt það samfélag sem gerir nesið að nesinu og lagt hefur grunnin í gegnum tíðina að því sem framþjóðundur var þó svo tíðrætt um, en þar held ég að sú staðreynd að hér áður hafði stór hluti þeirra sem ólust upp á Nesinu og gengu hér í skólana kost á að eignast sitt fyrsta húsnæði á Nesinu. Þar kom til að lengi vel var íbúðaverð lágt í samburði við önnur svæði eða í það minsta sambærilegt, og framboð húsnæðis alltaf eitthvað.

Sú pólitíska ákvörðun sem tekin var á árunum fyrir 1980 af þáverandi bæjarfulltrúum meirihlutans um að semja við félag ungs fólks Byggung um að reisa blokkir við Austurströnd er einhver sú besta fjárfesting sem bærinn hefur gert og má þar segja að lagður hafi verið grunnur að því að stór hluti þeirra sem þá voru komnir í íbúðar hugleiðingar gat eignast íbúð í þessum blokkum og búið áfram á Nesinu eftir að hafa farið úr foreldrahúsum og býr stór hluti enn í bæjarfélaginu og hefur alið sýn börn upp hér og mótað samfélagið fram á daginn í dag og þurfa bæjarfulltrúar á hverjum tíma að vera meðvitaðir um gildi þess að skapa eftir fremsta megni aðstæður svo að ungt fólk geti búið á Nesinu og vonandi verður sú reyndin með þá framkvæmd sem fyrirhuguð er á Hrólfskálamel 1-7 og eiga að hefjast bráðlega, ég vil að lokum segja að ef ekki hefði verið fyrir þá framsýni sem þáverandi bæjarfulltrúar meirihlutans þeir Sigurgeir Sigurðsson, Snæbjörn Ásgeirsson, Magnús Erlendsson, Júlíus Sólnes og Guðmar Magnússon sýndu með þeirri ákvörðun um að tileinka framkvæmdum við Austurströnd ungu fólk á nesinu þá væri samfélagið öðruvísi.

Gunnlaugur Bjarnason
Vallarbraut 19.

Neshlaup

Trimmklúbbs Seltjarnarness

Neshlaupið verður laugardaginn

10. maí.

Ræst kl. 11 við sundlaug

Seltjarnarness.



Í boði eru þrjár vegalengdir: 3,25km, 7,5km og 15km með tímátöku.

Rafræn skráning fer fram á hlaup.is fram til kl. 21:00 föstudaginn 9. maí. Önnur skráning svo og afhending gagna fer fram í íþróttahúsi Seltjarnarness kl. 09:00 - 10:30 hlaupadaginn.

Verð 1.500 kr. fyrir fullorðna, ókeypis fyrir 16 ára og yngri (fædd 1998 eða síðar). Foreldrar, endilega hvetjið börn ykkar til þátttöku.

Verðlaun fyrir bestu tímana og fjölmargir útdráttarvinningar.

Fögnum 40 ára kaupstaðarafmæli Seltjarnarness saman á hlaupum!

Golfvöllurinn fær umhverfisvottun

Golfvöllurinn á Seltjarnarnesi hefur fengið GEO-umhverfisvottun sem Samtök golfvalla í Evrópu veita og er fyrstur golfvalla hér á landi er að fá slíka vottun. „Þetta er fyrst og fremst mikil viðurkenning á því starfi sem við höfum unnið í þágu umhverfisins og fuglalífsins,“ segir Haukur Óskarsson, framkvæmdastjóri Nesklúbbsins.

Nú eru um 670 félagar í Nesklúbbsnum og völlurinn er svo að segja fullnýttur. Um um 600 manns á biðlista og þegar best lætur hefur verið hægt að taka 15 til 20 manns inn á ári. Miklar umræður hafa verið fram að undanförunu um framtíð golfvallarins og möguleika til þess að stækka hann. Meðal annars



hafa komið fram hugmyndir um að flytja núverandi þjónustuhús af vellinum innar á Suðurnesið og nýta það rými sem húsið tekur til golfiðkana. Umræður um stækkun vallarins tengjast einnig hugmyndum um sjóvarnir og landfyllingar og þeirri staðreynd að völlurinn hefur styrkt fuglalíf á Nesinu.

Við óskum Seltjarnarnesbæ til hamingju með 40 ára kaupstaðarafmælið!



Bolungarvík



Hafnarfjörður



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Norðurþing



GARÐABÆR



Árborg



Tálknarfjarðarhreppur

Fjallabyggð



VOPNAFIJARÐAR
HREPPUR



Sveitarfélagið Garður



Kjósarhreppur



Skagaströnd



Blönduósbær



Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Hveragerðisbær



Súðavíkurbreppur



Stykkishólmsbær



Mosfellsbær



Reykjavík



Akranes

Jákvæður skólabragur og styðjandi námsumhverfi

Skóli, samræmd próf, PISA og vellíðan nemenda

Mikil umræða hefur verið um stöðu grunnskólans eftir að niðurstöður PISA-könnunarinnar komu út og allir líklega sammála um að vilja gera betur í samanburði við önnur lönd. Nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness koma almennt vel út úr PISA-rannsókn OECD og er staðan að jafnaði betri en hún mældist árið 2000. Mælingar sína jákvæða þróun lesskilnings og læsis á tímabilinu frá 2000 til 2012. Nemendur skólans standa nú jafnfætis jafnöldrum sínum á Norðurlöndunum og því sem almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu, en stöðu þeim talsvert að baki við upphaf tímabilsins. Við upphaf tímabilsins mældist læsi á stærðfræði meðal nemenda á Seltjarnarnesi sambærilegt við nemendur á Norðurlöndunum, en í könnuninni árið 2012 mælist það nokkuð yfir meðaltali þeirra. Læsi á náttúrufræði var fyrst kannað árið 2006 og mældust nemendur á Seltjarnarnesi þá talsvert undir jafnöldrum sínum á Norðurlöndunum en í könnuninni 2012 hefur bilið minnkað nokkuð.

Grunnskóli Seltjarnarness kom mjög vel út ef við skoðum niðurstöður m.v. landsmeðaltal hér á Íslandi, en í samanburði við önnur lönd viljum við gera betur.

Jákvætt viðhorf til náms og trú á eigin getu

Í PISA-rannsókninni 2012 var einnig lagt mat á viðhorf og námshegðun nemenda. Niðurstöður sýna að nemendur á Seltjarnarnesi hafa almennt jákvæðara viðhorf til náms og meiri trú á eigin getu þegar kemur að stærðfræði en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Jafnframt að áhugi nemenda á Seltjarnarnesi á stærðfræði hefur aukist stöðugt frá árinu 2003 og sjálfstraust eflst. Einnig kom í ljós að á Seltjarnarnesi er mun meira um styðjandi kennsluhætti en almennt gerist og að skólinn er kominn hvað lengst í leiðsagnarmati.

Í samræmdum könnunarprófum kemur Grunnskóli Seltjarnarness mjög vel út sérstaklega ef horft er til árangurs 10. bekkjar, en samræmd próf eru þreytt í 4., 7. og 10. bekk

grunnskóla. Ef horft er til meðaltals síðustu 5 ára þá er 10. bekkur í Grunnskóla Seltjarnarness í 1. sæti af 60 skólum í stærðfræði, í 5. sæti af 60 skólum í íslensku og í 2. sæti af 60 skólum í ensku. 7. bekkur er í 4. sæti af 61 skóla þegar horft er á stærðfræði, og í 6. sæti af 60 skólum landsins í íslensku. 4. bekkur er í 12. sæti af 61 skóla þegar horft er til stærðfræði og í 10. sæti af 61 skóla í íslensku sem er nokkuð neðar en bæði 7. bekkur og 10. bekkur.

Í samræmdum prófum er einnig horft til framfara í námi og er reiknaður framfarastuðull út frá einkunum nemenda á tveimur samræmdum prófum. Er því annars vegar skoðuð frammistaða einstaklingsins milli 4. – 7. bekkjar og hins vegar milli 7.-10. bekkjar og horft til virðisauka í náminu.

Í skýrslu Námsmatsstofnunar kemur fram að virðisauki námsins síðustu 5 árin í Grunnskóla Seltjarnarness eru í öllum tilfellum í hærri kantinum sem þýðir að nemendur Grunnskóla Seltjarnarness eru að bæta stöðu sína miðað við jafnaldrasína sem er það sem við viljum sjá gerast.

Góður andi meðal nemenda og gott samband nemenda og kennara

Við mælum einnig líðan nemenda okkar í Grunnskóla Seltjarnarness. Samsömun nemenda á Seltjarnarnesi við nemendahópinn hefur stóraukist frá fyrri mælingum PISA-rannsókna og samband nemenda við kennara er mjög jákvætt og stuðningur kennara við nemendur er með því besta sem gerist. Þessar niðurstöður eiga samhljóm við niðurstöður Skólapúlsins á líðan og viðhorfum nemenda, en þær sýna að líðan mælist hvað best á landsvísu meðal nemenda á Seltjarnarnesi og samband nemenda og kennara er talsvert betra en almennt gerist. Í Skólapúlsinum eru gerðar kannanir meðal nemenda í 6.-10. bekk í fjöl-

mörgum grunnskólum hér á landi í hverjum mánuði um m.a. ánægju af náminu, trú á eigin námsgetu, sjálfsálit, vellíðan, tíðni og tegund eineltis, samband nemenda



Sigrún Edda Jónsdóttir.

við kennara, hreyfingu og mataræði svo nokkrir þættir séu nefndir. Niðurstöður mælinga sýna að nemendum í Grunnskóla Seltjarnarness líður vel, einelti hér er vel undir meðallagi, þau hafa mikla trú á eigin námsgetu og finnst þau hafa góða stjórn á eigin lífi og á eigin árangri í skólanum. Sjá <http://www.grunnskoli.seltjarnarnes.is/media/skjol-13-14/nemendur-2012-2013-arsmedaltol.pdf>

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á Grunnskóla Seltjarnarness vorið 2012 að ósk skólans, fræðslustjóra og skólanefndar og má sjá niðurstöður þeirrar úttektar á heimasíðu grunnskólans <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektingrunnskolar/>

Niðurstöður úttektaraðila voru þær að við skólann fari fram mjög faglegt og gott skólastarf. Skólastarfið hvíli á herðum hæfra og reynslumikilla starfsmanna, góður andi og opin samskipti meðal starfsmanna og almenn ánægja með aðgengi að stjórnendum skólans. Foreldrarast sé mjög gott við skólann og skapi mikilvægt bakland fyrir faglegt starf, að mati bæði stjórnenda og kennara. að nemendur virðast almennt ánægðir í skólanum, félagslíf mjög gott og gætt er að hagsmunum nemenda t.a.m. með starfsemi nemenda-verndarráða og nemendaráðs.

Við getum því verið stolt af því góða skólastarfi sem fer fram í grunnskólanum okkar og viljum styðja við það góða starf sem þar er unnið. En við viljum að sjálfsögðu ávallt stuðla að því að gera betur og hefur skólinn lagt sig fram um að fylgjast með nýbreytni í skólastarfi sem sýnt hefur að skilar sér í betri árangri og má þar nefna byrjendalæsi sem tekið hefur verið upp í þeirri viðleitni að stuðla að betra læsi nemenda sem fyrst á skólagöngunni.

Áskorun skólasamfélagsins er að halda stöðu sinni þar sem vel gengur og bæta það sem betur má fara og okkar að styðja við.

Sigrún Edda Jónsdóttir
Formaður Skólanefndar
Seltjarnarness

Rauda Líónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eta
BORDAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf Kirkjunnar
www.help.is

Við óskum Seltjarnarnesbæ til hamingju með 40 ára kaupstaðarafmælið!



LANDEY

NESSKIP

KPMG

Íslandsbanki



geiri

olis

PFAFF



LYSI



VÍS



Reykjavíkur Apótek



VESTURBYGGÐ

Bæjarins
bestu pylsur



VEISLAN



VEITINGAELDHÚS

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BÆTTI FRAMTÍÐ
Alhliða umhverfisþjónusta

PRENTSMÍÐJAN
NES

NES FRÉTTIR

Vortónleikar Kammerkórs Seltjarnarneskirkju 26. apríl

Laugardaginn 26. apríl n.k. kl.17.00 heldur Kammerkór Seltjarnarneskirkju sína árlegu vortónleika í Seltjarnarneskirkju ásamt Kára Þormar orgelleikara og félögum úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

Á efnisskránni verða: Missa Pastoralis eftir Jakup Jan Ryba, Beatus vir eftir Antonio Vivaldi og kantata nr.30 „Freue dich, erlöste Schar“ eftir Johann Sebastian Bach. Verkin eftir Ryba og Bach eru frumflutningur hér á Íslandi.

Einsöngvarar eru níu og koma þeir svo til allir úr Kammerkórnum, sem hefur haft það að markmiði sínu síðustu ár að frumflytja mörg af kórverkum tónbókmenntanna.

Stjórnandi á tónleikunum er Friðrik Vignir Stefánsson tónlistarstjóri og organisti Seltjarnarneskirkju.

Eins og áður byrja tónleikarnir kl.17 laugardaginn 26. apríl. Allir velkomnir og miðasala verður við innganginn.

Selkórinn syngur í Hörpu

Í fyrsta sinn í sögunni blæs kór til tónleika eingöngu með tónlist Gunnars Þórðarsonar. Selkórinn ásamt hljómsveit Gunnars Þórðarsonar mun stíga á stokk 18. maí í Norðurljósal Hörpu og á efnisskrá verða mörg af þekktustu dægurperlum Gunnars í kórútförum sem er nýlunda.

Auk þess munu Þóra Einarsdóttir sópran og Elmar Þór Gilbertsson tenór flytja, bæði með kórnum og ein og óstudd, aríur og dúetta úr hinni vinsælu óperu Gunnars Ragnheiði sem nýlega var sett upp í Hörpu. Þar komust færri að en vildu svo nú er kjörið tækifæri til að hlýða á þá yndisfögru tóna sem Gunnar hefur af sinni alkunnu snilld samið. Meðleikari á píanó er Snorri Sigfús Birgisson tónskáld sem útsetti óperuna fyrir tónleikana og stjórnandi er Oliver Kentish. Tvennir tónleikar verða sunnudaginn 18. maí kl. 17:00 og kl. 20:00.

Hægt verður að kaupa miða á harpa.is og midi.is og er miðaverð kr. 3.800.

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

UMHVERFISHORNID

Umhverfisstefna - Kattasamþykkt - Dagur umhverfis

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur lokið endurskoðun á kattasamþykkt bæjarins. Þegar hún hefur öðlast gildi ber öllum kattaeigendum að skrá ketti sína á bæjarskrifstofu Seltjarnarness fyrir 1. september 2014. Á skrifstofu bæjarins fær eigandi kattar afhent álmerki sem á verður letrað númer og einnig símanúmer eiganda. Ekkert gjald mun verða tekið fyrir skráningu kattar. Samþykktin verður auglýst innan tíðar og birt á vef bæjarins.



Ný umhverfisstefna fyrir Seltjarnarnes mun fljótlega líta dagsins ljós. Umhverfisstefnan er unnin upp úr fyrri stefnu auk þess voru niðurstöður íbúafings um umhverfismál, sem haldið var í haust, hafðar til hliðsjónar.

Dagur umhverfis er 25. apríl ár hvert. Þann dag árið 1762 fæddist Sveinn Pálsson, fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn. Hann bjó m.a. í Nesi við Seltjörn í fjögur ár er hann nam læknisfræði hjá frænda sínum, Jóni Sveinssyni landlækni. Sveinn fór síðan til frekara náms til Kaupmannahafnar og lagði stund á læknisfræði og síðan náttúrufræði. Þekktasta rit hans er sennilega ferðadagbókin sem hann skrifaði um rannsóknarferðir sínar um Ísland 1791-1795. Þessi ferðabók var gefin út á prenti árið 1945 undir nafninu Ferðabók Sveins Pálssonar. Þar er að finna hina miklu ritgerð hans um jökla, Jökklartið, þar sem hann setti fram kenningu sína um eðli skriðjökla. Sveinn fékk þessa ritgerð ekki prentaða um sína daga en árið 2004 gaf Hið íslenska bókmenntafélag ritið út á ensku í glæsilegri, myndskreyttri útgáfu. Hann var einna fyrstur til aðgerða gegn skógareyðingu á Íslandi og orðaði þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.



Hreinsundagur á Seltjarnarnesi verður laugardaginn 26. apríl nk. Baldur Gunnlaugsson skrudgarðyrkjumeistari mun kynna moltugerð kl. 11:30 á Eiðistorgi. Við bjóðum upp á kaffi og köku milli 11:00 og 14:00 á torginu.

Gleðilegt sumar,
Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í
rekstri húsfélaga.



www.eignausmsjon.is

S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

ora

Ástríða í matargerð



**Prófaðu ljúffenga kæfu
á brauðið**



www.ora.is



Við erum á Facebook

Verður Seltjarnarnes „gegnumkeyrslubær“?

Golfklúbburinn vill smábreytingu á aðstöðu sinni. Þegar betur er að gáð er ekki um neina smáræðisbreytingu að ræða. Forsvarsmenn klúbbsins segja þetta nauðsynlegt til að hleypa að nýjum félögum og eyða þrálátum biðlistum upp á um sjöhundruð manns, auk þess sem bæta þurfi veitingaaðstöðu til að taka á móti jafnt innlendum sem erlendum ferðamönnum. Allt í allt gæti þetta þýtt um 2000 klúbbfélaga. Sé reiknað með að hver klúbbfélagi fari 10 sinnum á völinn á ári væru það um 40.000 ferðir fram og til baka yfir hásumarið, en samkvæmt nýlegu viðtali í Morgunblaðinu, við forseta Golf-sambands Íslands er golf „stundað fjóra mánuði á ári“ á Íslandi. Þar sem kylfingar koma undantekningarlaust akandi á völinn mundi hljótast af þessu gífurlegu bíla-umferð sem færi í gegnum bæinn og svo um mjóan Bakkagrönd, djúpt inn í friðlönd Seltirninga.

Til viðbótar þessu kæmi umferð vegna aukins veitingareksturs sem hugsanlega væri annað eins. Og ekki er ólíklegt að mest líf væri að færast í þá starfsemi seinni hluta dags fram að kvöldmat þegar Seltirningar eru á heimleið úr vinnu. Til baka færi þessi umferð svo á nóttinni með tilheyrandi skarkala eftir velheppnað kvöld í klúbbnum, þegar Nesbúar eru



“Vetrarútsýni af Svörtubökkum: Bakkavík, Dalstjörn, Seltjörn, Gróttta, Kollafjörður, Akrafjall og Skarðsheiði”.

vanir að geta notið hvíldar í friði og ró á sínu heimili.

„Gegnumkeyrslubær“ eru velþekkt fyrirbrigði jafnt hér á landi sem erlendis. Þeir einkennast af miklum umferðarhraða með tilheyrandi hávaða, mengun og lágu fasteignaverði. Skipulagslega séð er það glapræði að magna upp mikla starfsemi vestan við byggðina sem þarf að notast við gatnakerfi bæjarins, sem nú þegar er fullnýtt og margar götur vel það.

Landnýting og soun

Það er illa farið með land að leggja það undir starfsemi sem ekki stendur nema hluta ársins og spillir umhverfi að auki. Allstaðar þar sem er rætt um rekstur golfvalla er það tvennt sem ber hæst, soun vatns og víðtæk efnanotkun. Í BNA eru notaðir 15 milljarðar lítra af vatni á

dag til vökvunar golfvalla, sem er aðeins lítið brot af því sem notað er á heimsvísu. Gífurleg orka sem fæst frá ýmsum orku-gjöfum eins og kjarnorku eða olíu, t.d. á Arabíuskaga þar sem eru margir golfvellir, fer í rekstur dælukerfa og afsöltun sjávar. Þar sem vatn er unnið úr sjó þarf síðan að losna við saltið svo það skilji eftir sem minnst umhverfisspor. Á norðlægari breiddargráðum, eins og hjá okkur, er það hinsvegar áburðar- og eiturnotkunin sem veldur mestum áhyggjum, þótt líka séu rekin hér dælukerfi eins og í Suðurnesinu.

Allt eru þetta gamlar fréttir fyrir golfklúbbana sem stofna með sér harðsnúin hagsmunafélög skreytt nöfnum eins og samnorren og alþjóðleg grasrannsóknarsetur, sem gefa út myndskreytta bæklinga og votta starfsemi félaganna. Trúverðugleikabresturinn blasir við og er best lýst með hinu fornkeðna: „Fár gengur sekur af sjálfs dómi“. Nesklúbburinn er skrifaður fyrir einum svona bæklingi sem ber utanáskriftina Umhverfissvæðisbók. Þar má m.a. lesa um kvennanefnd, forgjafarnefnd og mótanefnd. Fátt er þar sem máli skiptir, eins og umfjöllun um efni sem hafa verið notuð í gegnum árin til áburðar, hvað notað er í dag og hvað sé ætlunin að nota í framtíðinni. Engar varúðarreglur eru birtar fyrir vallarstarfsmenn, kylfinga eða íbúa í nágrenni vallarins um hættur sem stafa af dreifingu efna sem þekkt er að geta borist í líkama í gegnum húð og öndunarferi. Ekki er minnst á orkunotkun eða ljósmengun samfara flöðlysingu tómrar bílastæða stærrihluta ársins.

Í BNA fékk verktafi leyfi til að byggja íbúðarhús á gömlum golfvelli. Leyfið var háð því að hreinsa burtu allan gamlan jarðveg til að koma í veg fyrir heilsutjón væntanlegra íbúa af völdum efnakokteila sem bornir höfðu verið á völinn í gegn um tíðina. Í bókinni AntiCancer* (Gegn krabbameini) segir að 85% dauðsfalla af völdum krabbameins megi rekja til umhverfisáhrifa vegna tilbúinna efna og lífstíls, en aðeins 15% til lífræðilegra

þátta. Alþekkt er að margir hundaeigendur láta sér ekki koma til hugar að víðra hunda sína í nágrenni golfvalla, segir í grein í tímaritinu Forbes.

Lýðheilsa og umhverfi

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin/WHO** segir að heilsu manna stafi mest hættu af hækkanði aldri mannkyns. Í öðru sæti segir WHO að komi „úrbaniseringin“ eða borgar- og þéttbýlisvæðing. Með því er átt við ótímabæra eyðingu náttúru og manngerð alls umhverfis. Þetta leiði til hreifingarleysis, ofáts og ofþyngdar sem orsaki ótímabæra sjúkdóma og dauðdaga. David Attenborough er einn þeirra sem varar við borgarvæðingunni. Hann segir í viðtali á BBC: Án náttúrunnar er ekkert líf; náttúran veitir hvíld og frið; náttúran getur ekki varið sig sjálf og það er hlutverk þeirra sem eldri eru að kenna þeim yngri að umgangast hana og njóta hennar. Öll nágrannasveitarfélögin bjóða íbúum sínum upp á óspillt útivistarsvæði. Vestursvæðin eru slík svæði fyrir Seltirninga og þar geta Nesbúar endurgoldið nágrönnunum sínum fyrir frjáls afnot sín af þeirra svæðum.

Þótt ekki hafi verið staðið við gerð stíga í samræmi við deiliskipulagið frá 2009 hefur almenn útivist á „Neshringnum“ aukist stöðugt og skiptir nú tugum þúsunda hvert ár. Starfsemi golfklúbbsins er farin að standa í vegi fyrir frekari þróun sem kalla má „vistvæna umferð“ þ.e.a.s. útivist sem hvorki leitast við að breyta náttúru, manngera umhverfið eða tekur með sér óþarfa mengun. Í sjálfu sér er ekkert á móti golfi fyrir þá sem það vilja stunda. En leikurinn hefur breyst frá því hann í upphafi var leikinn í sandhólunum á strönd Skotlands, í iðnvædda starfsemi sem ekki passar hvar sem er, og allra sist á viðkvæm svæði sem eru náttúruperlur. Þannig er þetta allstaðar, golfvellir víkja vegna þéttingar byggðar eða endurmats með tilliti til umhverfissjónarmiða. Þegar GR flutti úr Öskjuhlíðinni 1963 var það vegna þess að það þrengdi að og völlurinn gat fengið pláss sem hann þurfti við bæjar-mörkin, til að stækka og dafna.

Birgir R. Jónsson

**“AntiCancer a New Way of Life“ e. David Servan-Schreiber, MD, PhD

***“Global Recommendations on Physical Activity for Health“ WHO 2010

Heildarlausnir í hreingerningavörum
fyrir heimili og fyrirtæki.

Allt á sama stað.

BESTA – HREYFILSHÚSINU

Grensásvegi 18
108 Reykjavík
Sími: 510 0000
www.besta.is

16 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

FJÖLBREYTT STARF Í SELTJARNARNESKIRKJU:

Aðalsafnaðarfundur og lestur Passíusálmanna á Föstudaginn langa

Aðalsafnaðarfundur Seltjarnarnessóknar var haldinn laugardaginn 12. apríl sl. í sal sunnudagaskólans á neðri hæð kirkjunnar. Þar flutti formaður sóknarnefndar Guðmundur Einarsson skýrslu um starfið í kirkjunni undanfarið ár en það hefur verið mjög viðburðaríkt og kirkjusókn afar góð. Nær 4/5 allra Seltirninga eru í Þjóðkirkjunni og er það eitt hæsta hlutfall sem þekktist í sóknum landsins.

Í febrúar síðastliðnum voru 25 ár frá því að þáverandi biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, vígði Seltjarnarneskirkju og var hátíðarmessa af því tilefni 9. febrúar. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikaði, og Kristján Jóhannsson söng einsöng, auk þess sem efnt var til vel heppnaðra fræðslumorgna allan afmælistánuðinn. Í sl. mánuði voru svo 15 ár frá vígslu kirkjuorgelsins og var haldið upp á það afmæli í

guðþjónustu 23 mars þar sem Friðrik Vignir Stefánsson lék af mikilli list.

Margt er framundan í kirkjustarfinu sem líklegt er til að vekja áhuga Seltirninga. Að lokinni guðþjónustu á pálmásunnudag verður opnuð málverkasýning Sigurðar Kr. Árnasonar þar sem hann fer í fögrum myndum yfir sögu kirkna á Seltjarnarnesi auk annarra mynda, en eins og menn muna var Sigurður byggingameistari kirkjunnar þeirrar sem nú stendur.

Á föstudaginn langa, 18. apríl, verða allir Passíusálmur sr. Hallgríms Péturssonar lesnir upp í kirkjunni, eins og venja hefur verið nokkur undanfarin ár eða síðan Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona flutti þá alla í kirkjunni fyrst íslenskra kvenna svo vitað sé. Síðan hefur hópur nálægt 20 Seltirninga annast lesturinn og verður svo að þessu sinni. Hefst lesturinn kl. 13 og geta menn komið og hlustað, fengið kaffisopa



í safnaðarsalnum og farið, allt eftir því sem hentar hverjum og einum. Gerð verða nokkur hlé á lestrinum og þá leikin tónlist. Reiknað er með að lestrinum ljúki um kl. 18.

Hinn 11. maí koma Skagfirðingar í heimsókn og verður guðþjónusta með þátttöku þeirra kl. 11 þann dag. Kór Sauðárkrókskirkju syngur við guðþjónustuna. Kirkjukór Sauðárkrókskirkju efnir til tónleika kl. 13 í Seltjarnarneskirkju. Aðgangur ókeypis. Þennan sama dag verður ennfremur fjölskylduskemmtun í Félagsheimili Seltjarnarness kl. 16-18.

Hljómsveit Skagfirðingsins vinsæla, Geirmundar Valtýssonar, leikur. Ókeypiss aðgangur. Þessi heimsókn úr Skagafirði sprettur af því að á síðast liðnu vori var farin safnaðarferð af Seltjarnarnesi norður í Skagafjörð og stofnað þá til formlegra vináttutengsla við Sauðárkróksöfnuð. Endurgjalda Sauðkrækingar nú heimsóknina.

Seltjarnarnessöfnuður á 40 ára afmæli á þessu ári, en söfnuðurinn var formlega stofnaður 9. nóvember árið 1974, sama ár og Seltjarnarnesbær fékk kaupstaðaréttindi. Afmæli safnaðarins verður haldið hátíðlegt síðsumars eða snemma í haust á Listahátíð Seltjarnarneskirkju sem þá verður haldin, en kirkjan og bærin skiptast á um að halda slíkar hátíðir sem jafnan eru fjölbreyttar og fjölsóttar.

Gleðilegt sumar með Garðatunnnunni!

Helstu kostir Garðatunnnunnar:

- Ódýr leið til að losna við garðaúrganginn.
- Losuð á tveggja vikna fresti yfir sumartímann.
- Garðatunnnan er á hjólum og getur því fylgt þér um allan garðinn.
- Það er ótrúlega þægilegt að hafa svona tunnu alltaf við hendina.
- Þú losnar við að aka með garðaúrganginn á næstu endurvinnslustöð.
- Garðaúrgangurinn fer til moltugerðar hjá Gámapjónustunni hf.

Vantar þig kraftmikinn jarðvegsbæti?

Þá er tilvalið að koma í Berghellu 1 í Hafnarfirði með fötu, poka eða litla kerru og sækja sér moltnu eða viðarkurl í garðinn án endurgjalds. Moltuna og kurlið má fá sent heim í stórsekkjum gegn vægum gjaldi. Sjá „gamar.is/moltaogkurl“

Seljum og sendum moltnu og kurl til fagaðila og annarra stórnotenda eftir sérstöku samkomulagi.

Allar upplýsingar í síma 535 2510 og á „gardatunnnan.is“

GÁMAPJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVVERFI - BETRI FRAMTÍÐ
1984-2014 | Þjónusta í 30 ár

Gardatunnnan.is

Söludeild Hringhelli 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



Nanna Íslandsmeistari í fimleikum

Gróttu átti fimm keppendur á Íslandsmótinu í 1. og 2. þrepi í fimleikum sem fór fram helgina 20. til 22. mars. Þær eru Elín Birna Hallgrímsdóttir og Hrund Guðmundsdóttir sem kepptu í 2. þrepi og stóðu sig vel. Í 1. þrepi kepptu þær Grethe María Björnsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Selma Eir Hilmarsdóttir.

Nanna varð í 1. sæti í fjölþraut í flokki 14 ára og yngri og stigahæsti keppandinn í 1. þrepi og því Íslandsmeistari eftir jafna og spennandi keppni. Þess má geta að Nanna hefur orðið Íslandsmeistari fjórum sinnum á fjórum árum. Hún varð Íslandsmeistari í 4. þrepi 2011, 3. þrepi 2012, 2. þrepi 2013 og 1. þrepi 2014. Frábær árangur hjá henni. Grethe María varð stigahæst á slá og í 3. sæti á gólfi með flottar æfingar. Selma Eir keppti í flokki 15 ára og eldri og varð í 3. sæti í fjölþraut, góður árangur hjá henni. Grethe María og Nanna hafa nú lokið öllum þrepum Fimleikastigans og eru komnar í frjálsar æfingar þar sem að keppt er eftir reglum FIG.

Íslandsmeistaramótið í áhaldafimleikum, frjálsar æfingar, fór svo fram helgina 28.-30. mars í Laugabóli. Gróttu átti fjóra keppendur á mótinu í ár, Dominiqua Alma Belányi keppti í fullorðinsflokki og þær Grethe María Björnsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Selma Eir Hilmarsdóttir kepptu í unglingaflokki. Nanna átti frábært mót og varð Íslandsmeistari unglinga í stúlknaflokki með 46,7 stig. Grethe



Nanna Guðmundsdóttir.

María stóð sig vel og varð í 10. sæti í fjölþraut og í 5. sæti á tvíslá og 7. sæti á gólfi. Selma Eir keppti á þremur áhöldum og stóð sig best á tvíslá þar sem að hún var 0,05 stigum frá úrslitasæti. Dominiqua keppti eingöngu á tvíslá vegna þess að hún er enn að jafna sig á hnémeiðslum sem að hún varð fyrir á Háskólaleikunum í júlí í fyrra. Dominiqua var með hæstu einkunn á tvíslá á laugardaginn og þ.a.l. efst inn í úrslit.

Úrslit á áhöldum fóru fram á sunnudaginn. Nanna keppti til úrslita á öllum áhöldum og varð Íslandsmeistari á stökki og gólfi og í 2. sæti á tvíslá. Grethe keppti til úrslita á tvíslá þar sem að hún varð í 5. sæti. Dominiqua keppti í úrslitum á tvíslá og varð í 2. sæti.

Góður árangur 6. flokks



6. flokkur kvenna hefur staðið sig vel í vetur í handboltaum.

Nú er mótum marsmánaðar lokid hjá 6. fl. kvenna í handbolta. Stelpurnar eru að standa sig gríðarlega vel og hafa tekið miklum framförum. Fyrra mótið var hjá eldra árinu í Fylkishöllinni. Gróttu mætti til leiks með tvö lið, Gróttu1 & Gróttu2. Gróttu1 spilaði í 1. deilda en þær náðu sér ekki almennilega á strik fyrr en í lok mótsins en það dugði því miður ekki til þess að halda sér í deildinni.

Þær buðu þó upp á flotta takta sem og Gróttu2 sem spiluðu í 2. deild A. Þar urðu áhorfendur vitni að hetjulegri baráttu en allir leikirnir töpuðust með mjóum mun. Gróttu2 hlaut aðstoð leikmanna af yngra ári sem stóðu sig með stakri þryði en stelpurnar stóðu sig allar mjög vel og voru félaginu, foreldrum og þjálfurum til sóma.

Yngra árið steig á stökk nú síðastliðna helgi á Hlíðarenda. Gróttu2 hóf leik fyrri hluta laugardags og átti framundan fimm leiki. Leikur liðsins batnaði til muna þegar leið á daginn og stelpurnar voru hársbreidd frá því að landa sigri í síð-

asta leiknum. Þær sýndu flottan karakter í gegnum mótið, spiluðu betur eftir því sem á leið og gáfust aldrei upp. Gróttu 1 mættu svekkaldar til leiks, greinilega klárar í átökin sem þeirra biðu. Þær byrjuðu á að vinna fyrsta leikinn með einu marki og unnu svo hvern leikinn á fætur öðrum. Þær fóru taplaust í gegnum mótið og í lok dags fór bikar á loft. Glæsilegur árangur hjá stelpunum öllum sem eiga framtíðina fyrir sér.

Næstu mót eru síðan 3. til 5. maí hjá yngra árinu en eldra ár leggur land undir fót dagana 25. til 27. apríl til Húsavíkur. Stelpurnar hafa staðið sig ótrúlega vel í vetur og árangurinn til marks um það. Við gerðum okkur glaðan dag og deildum gómsætri Gróttuköku í tilefni þess. Að lokum sendum við góðar kveðjur til allra þeirra aðila sem að flokknum koma á einhvern hátt. Það eru einstaklingarnir sem mynda klúbbinn og því skiptir máli að hjálpast að og leggja hönd á plóg. Einnig minnum við á að það eru allir velkomnir að koma að prófa handbolta.

GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Skyggnilýsing með Skúla til Styrktar Gróttu handbolta

Skyggnilýsing með Skúla Lorenz miðli til styrktar Gróttu handbolta, verður haldin í hátíðarsal Gróttu þriðjudaginn 29. apríl. Húsið opnar kl. 19.30 og fundur hefst kl. 20. miðaverð 2.500 kr.



Bikarmeistarar í 1. þrepi: Selma Eir Hilmarsdóttir, Arndís Ásbjörnsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Grethe María Björnsdóttir.

Bikarmeistari í áhaldafimleikum

Gróttu varð bikarmeistari í 1. þrepi í áhaldafimleikum kvenna á bikarmóti FSÍ í áhaldafimleikum fór fram fyrstu tvær helgarnar í mars. Keppt var í 1. til 5. þrepi og í frjálsum æfingum. Gróttu sendi lið í öllum þrepum kvenna og í 5. þrepi karla á mótið. Lið Gróttu varð bikarmeistari í 1. þrepi. Sigurinn var mjög sannfærandi en heil fimmtán stig skildu að liðin í fyrsta og öðru sæti, lið Gerplu varð í 2. sæti og lið Keflavíkur í 3. sæti. Í bikarmeistaraliði Gróttu voru þær Arndís Ásbjörnsdóttir, Grethe María Björnsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Selma Eir Hilmarsdóttir.

Lið Gróttu í 2. þrepi varð í 5. sæti og varð Elín Birna Hallgrímsdóttir Gróttu stigahæst allra keppenda í 2. þrepi. Stúlkurnar í 3. þrepi stóðu sig einnig frábærlega, þær enduðu í 2.

sæti í spennandi keppni. Í silfurliðinu voru þær Laufey Jóhannsdóttir, Sóley Guðmundsdóttir, Sunna Kristín Gísladóttir, Sunna Kristín Ríkarðsdóttir og Þórunn Anna Almarsdóttir. Stúlkurnar í 4. þrepi urðu í 4. sæti í mjög jafnri keppni og voru aðeins 0,202 stigum frá bronsverðlaunum. Lið Gróttu í 5. þrepi varð í 9. sæti.

Gróttu sendi lið í 5. þrepi karla á Bikarmótið í fyrsta skipti í fimm ár. Drengirnir voru flestir að keppa á sínu fyrsta fimleikamóti og stóðu sig mjög vel. Mikael Jökull Gíslason varð stigahæstur í Gróttu liðinu og náði 5. þrepi og tryggði sér þar með þátttökurétt á Íslandsmóti í þrepum sem að verður á Akureyri um miðjan febrúar. Alls eru tuttugu iðkendur frá fimleikadeild Gróttu á leið á Íslandsmótið.



Silfurverðlaunahafar í 3. þrepi: Þórunn Anna Almarsdóttir, Sóley Guðmundsdóttir, Sunna Kristín Ríkarðsdóttir, Sunna Kristín Gísladóttir og Þórunn Anna Almarsdóttir. Myndirnar tók Gísli Harðarson.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Gunnar Þorbergur Gylfason formaður Knattspyrnufélagsins Kríu sem er nýstofnað knattspyrnulið sem leikur á Seltjarnarnes.

Fullt nafn? Gunnar Þorbergur Gylfason.

Fæðingard. og ár? 8. desember 1984.

Starf? Nemi.

Farartæki? Trek.

Helstu kostir? Læt aðra um að dæma það.

Eftirlætis matur? Rjúpan á aðfangadag.

Eftirlætis tónlist? Rokk, rapp og popp.

Eftirlætis íþróttamaður?

Michael Jordan, Ronald Koeman og Pétur Már Harðarson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Fótbolti í allri sinni mynd og svo eru stórmót íþróttum einnig augnayndi.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Hobbitinn.

Uppáhalds leikari? Vincent Chase.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Princess Bride.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Iðka íþróttir og útivist.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Íslenskt hálendi í allri sinni mynd.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Traust, hreinskilni og heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Listinn var alltaf Steve Jobs, Nelson Mandela og Sir Alex Ferguson. Listinn er sjálfvalinn núna.



Uppáhalds vefsíða? Facebook og fotbolti.net

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Í augnablikinu nýja takkaskó

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Eyða þeim hratt og örugglega.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Reyna að koma með hugmyndir um hvernig mætti fjölga ungum fjölskyldum á Nesinu.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ná góðum árangri með Kríu í sumar og fara á Gróttu leiki. Einnig að klára námið mitt.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Sumarfríð mitt fór mest megnis í vinnu, líkt og hefð er fyrir hjá námsmönnum.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

**Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagþjónusta ofl.**

Ræsting og Ráðgjöf ehf

Alhliða hreingerningarþjónusta

S. 519 7500 • 770 4630

www.clean.is

Fjölskyldudagur í Gróttu



Fimmtudaginn 1. maí kl. 13-15

- Hönnunarsýning Volka - Vita húsgögn í vitavardarhúsinu
- Ljósmyndakeppni - Frumlegasta Gróttumyndin
- Harmonikkuleikur hljómar um eyjuna
- Vitaskoðun - Klifraðu upp í topp og sjáðu útsýnið
- Nesið okkar - Ljósmyndir eftir Elsu Nielsen

- Flugdrekasmiðja með Ásdísi Kalman
- Rannsóknarstofa - Börn skoða sjávardýr í nýjum víðsjám
- Rjúkandi vöfflukaffi
- Andlitsmálun
- Gróttutrefillinn - Skrautleg hönnun bæjarbúa lítur dagsins ljós

Opið verður fyrir fótgangandi út í Gróttu frá kl. 11 - 16:30
Björgunarsveitin Ársæll býður upp á akstur út í eyjuna

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar má finna á www.seltjarnarnes.is



SELTJARNARNESBÆR